

**Fundargerð**  
**Vinnufundur þróunarsamvinnunefndar 20. janúar 2023**  
**Kl. 09:00 - 15:30 í Iðnó og á Teams**

**Mætt:**

Þórir Guðmundsson, formaður þróunarsamvinnunefndar, Atli Viðar Thorstensen, fulltrúi félagasamtaka – Rauði krossinn á Íslandi, Gísli Rafn Ólafsson, þingmaður Pírata, Guðrún Helga Jóhannsdóttir Diop, fulltrúi félagasamtaka – Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Ragnar Schram, fulltrúi félagasamtaka – SOS barnaþorp, Stella Samúelsdóttir, fulltrúi félagasamtaka - Landsnefnd UN Women á Íslandi, Erna Bjarnadóttir, varaþingmaður Miðflokks, Laufey Birgisdóttir, fulltrúi félagasamtaka - ABC barnahjálpi, Sjöfn Vilhelmsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins - GRÓ-LRT og Þór Heiðar Ásgeirsson, fulltrúi háskólasamfélagsins - GRÓ-FTP (á Teams).

Bjarni Jónsson, þingmaður Vinstri grænna, Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks, Geir Gunnlaugsson, fulltrúi háskólasamfélagsins, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi atvinnulífsins - Alþýðusamband Íslands, Halldór Benjamín Þorbergsson, fulltrúi atvinnulífsins - Samtökum atvinnulífsins, Jakob Frímann Magnússon, þingmaður Flokks fólksins, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir þingmaður Viðreisnar, Þórarinn Ingi Pétursson, þingmaður Framsóknarflokksins og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingar boðuðu forföll.

**Fulltrúar utanríkisráðuneytisins:** Elín R. Sigurðardóttir skrifstofustjóri, þróunarsamvinnuskrifstofu (ÞSS), Urður Ásta Eiríksdóttir, starfsnemi, ÞSS og Þórarinna Söebeck deildarstjóri marghliða þróunarsamvinnu og stefnumótunar, ÞSS (á Teams).

**Hluta fundarins sátu að auki:** Carsten Staur, verðandi formaður þróunarsamvinnunefndar OECD (á Teams) og Emily Bosch, þróunarsamvinnunefnd OECD (á Teams).

**Nefndarritari:** Agnes Hauksdóttir, ÞSS.

**Fundarstjóri:** Kristján Sturluson.

**1. Fundur settur (09:06)**

Formaður bauð fundargesti velkomna, opnaði fundinn og kynnti fundarstjóra, sem fór yfir dagskrá fundarins.

**2. Staðan í ársbyrjun (09:12)**

Skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins (ÞSS) fór yfir stöðuna í ársbyrjun. Vinnu við gerð nýrrar stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028 sem hófst á síðasta ári miðar vel áfram. Núgildandi stefna rennur sitt skeið á enda í árslok og er stefnt að því að drög að þingsályktun verði lögð fram í samráðsgátt í vor og sem þingsályktunartillaga um þróunarsamvinnustefnu 2024-2028 á haustþingi. Drög að

jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) bárust í janúar sl. og verða þær tillögur að úrbótum nýttar við gerð uppfærðar þróunarsamvinnustefnu.

Rætt var um hvort skerpa mætti á áherslum í nýrri stefnu t.a.m. ákveðnum þáttum en bent á nauðsyn þess að hafa sveigjanleika í stefnunni til að bregðast við þróun í heimsálum. Samstaða var um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SP) sem útgangspunkt og að þau verði lögð til grundvallar við gerð nýrrar stefnu. Heimurinn allur standi frammi fyrir mörgum stórum og flóknum vandamálum s.s. fjölþátta ógnum, átökum og stríði, heimsfaraldri, náttúruhamförum og loftslagsbreytingum sem hafa hægt á framgangi heimsmarkmiðanna. Þá hafi barátta um takmarkaða fjármuni orðið erfiðari og forgangsröðun framlaga flókin þegar aðstoðar er þörf á mörgum stöðum.

Formaður nefndarinnar minnti fulltrúa á að nefndin þurfi að leggja fram sitt álit á þróunarsamvinnustefnunni áður en hún verður lögð fram á haustþingi síðar á þessu ári.

Fram kom að gott væri að hafa ákveðna áherslupunkta og grunngildi í nýrri stefnu líkt og jafnrétti, menntun og fleira sem nýtist óháð því hvað framtíðin beri í skauti sér. Einnig kom fram að heimsmarkmið SP væru góður grunnur að nýrri stefnu með sérstakri áherslu á mannréttindi

Rætt var um að efla samstarf ráðuneytisins og félagasamtaka, sem búi yfir öflugu tengslaneti og vinni beint og óbeint að verkefnum sem falla að stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

### **3. Fyrstu niðurstöður úr jafningjarýni Íslands (09:31)**

Sérfræðingur frá þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) fór yfir fyrstu niðurstöður úr jafningjarýni Íslands. Fram kom að ekki sé um að ræða eiginlegar tillögur á þessu stigi en að þær verði settar fram síðar í ferlinu fyrir fund ráðuneytisins hjá nefndinni í apríl nk. Fram kom að ný þróunarsamvinnustefna geti verið tækifæri fyrir Ísland til að setja raunhæf markmið í átt að því að ná viðmiði SP um að veita 0,7% af vergum þjóðartekjum (VPT) til þróunarsamvinnu.

Fram kom að Ísland hafi ákveðna sérstöðu sem fyrrum nýlenda og land sem þegið hefði þróunaraðstoð. Ísland hefði því tækifæri til þess að koma með nýja og ferska sýn á þróunarsamvinnu. Almennt séð komi jafningjarýnin vel út og Ísland sé að standa sig vel á mörgum sviðum. Nefndi hún t.d. héraðsnálgun Íslands sem gott dæmi um þróunarsamvinnu sem langtíma fjárfestingu þar sem eignarhald heimamanna væri fest í sessi.

Fram kom að niðurstöður og tillögur jafningjarýnnar væru gott tækifæri til að bæta gæði og skilvirkni verkefna á sviði þróunarsamvinnu. Þá væri einnig hægt að nota þær við gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu og við áætlanagerð. Þannig gæti Ísland aukið samlegðaráhrif.

Áætlað er að lokaniðurstöður jafningjarýnnar liggi fyrir í maí n.k.

#### 4. Lykilspurningar og umræður (09:48)

Formaður velti upp sex lykilspurningum sem notaðar voru til grundvallar umræðna um hvert Ísland ætti að stefna:

1. Næðum við meiri þróunarárangri með færri og stærri verkefnum (hvað ef við settum öll okkar framlög í eitt verkefni, til dæmis á vegum Sameinuðu þjóðanna)?
2. Hversu stór hluti framlaga ætti að fara til verkefna sem byggja á þekkingu og reynslu sem Íslendingar hafa umfram aðra?
3. Hversu mikla áhættu þolum við taka?
4. Hversu stórt hlutfall framlaga er réttlætanlegt að verði eftir á Íslandi?
5. Eigum við að hækka framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar (á kostnað langtíma þróunarsamvinnu)?
6. Ætlum við að ná 0,7% markmiðinu um framlög miðað við VPT og þá hvenær?

Rætt var um samlegðaráhrif og mikilvægi þess að gott samstarf ríki á milli ólíkra aðila sem komi að þróunarsamvinnu með einum eða öðrum hætti. Bent var á að samstarf fyrirtækja og félagasamtaka væri góð leið til að auka slagkraft. Félagasamtök búi oft yfir mikilli þekkingu á vettvangi sem fyrirtæki gætu í auknum mæli nýtt sér.

Fram kom að tryggja þarf áframhaldandi og aukinn stuðning almennings og stjórnvalda við þróunarsamvinnu. Fulltrúar félagasamtaka bentu á að hægt væri að virkja félagasamtökin betur þegar kemur að fræðslu- og kynningarmálum og að þar sé gott tækifæri til þess að auka slagkraftinn.

Fram kom að yfirlýst stefna Íslands frá árinu 1985 hefur verið að 0,7% af VPT verði veitt til þróunarsamvinnu, en hlutfallið var 0,35% árið 2022. Rætt var um hvort markmiðið væri raunhæft. Sumum fannst að taka ætti 0,7% markmiðið úr stefnunni ef ekki væri raunverulega verið að stefna að því en aðrir vildu alls ekki taka það út. Bent var á að setja þurfi þessi markmið í fjármálaáætlun stjórnvalda ef fylgja eigi þeim eftir.

Rætt var um mikilvægi þess að hugað sé að uppbyggingu mannauðs og innviða við gerð nýrrar stefnu. Til þess að ríki geti tekist á við stórar krísur líkt og stríð, loftslagsbreytingar eða náttúruhamfarir sé mikilvægt að þau hafi burði til að takast á við þær. Tengja þurfi háskólasamfélagið á Íslandi betur við þróunarsamvinnu, sem hægt sé að gera með margvíslegum hætti, t.d. með auknu samstarfi við GRÓ. Einnig þurfi að tryggja nægilegan mannauð með reynslu af störfum á vettvangi og sérfræðiþekkingu á þróunarsamvinnu til að starfa í málaflokknum hér á landi. Fram kom það sjónarmið að koma þurfi Íslendingum að innan alþjóðastofnana svo að rödd Íslands heyrist sem víðast. Bent var á að fjölmargir Íslendingar hafa starfað og starfa hjá alþjóðastofnunum, sem er hluti af núgildandi stefnu.

Rætt var um að ný stefna þurfi að vera aðgengileg og auðskiljanleg fyrir almenning, einnig þau sem hafi ekki djúpa þekkingu á málaflokknum. Einnig sé mikilvægt að hún byggist á styrkleikum Íslands og þeim verkefnum sem sýnt hafa fram á góðan árangur, s.s. á í jafnréttismálum. Þar hafi Ísland sýnt fram á góðan og mikilvægan árangur og njóti þ.a.l. mesta traustsins á því sviði.

Flestum fulltrúum þótti of þröng nálgun og of áhættusamt að einbeita sér einungis að einu verkefni eins og spurt var um í lykilspurningunum hér að framan. Fleiri þættir skipti máli en

upphæð framlaga. Mikilvægt sé að sýna fram á árangur verkefnanna og að besta leiðin til þess að ná árangri sé að vinna á grunni styrkleika og sérþekkingar Íslands. Huga þurfi að því að sem mest af þróunarsamvinnufé fari á vettvang og hafi jákvæð áhrif á hagkerfi þeirra landa sem njóta góðs af þróunarsamvinnunni.

## **5. Carsten Staur verðandi formaður þróunarsamvinnunefndar OECD (11:57)**

Carsten Staur flutti erindi undir hádegisverði og var hann að koma fram í fyrsta skipti sem nýkjörinn framkvæmdastjóri þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC), en hann tekur við embætti í byrjun mars nk. Fram kom að á árinu 2021 námu framlög aðildarríkja Þróunarsamvinnunefndarinnar til opinberrar þróunarsamvinnu (ODA) um 185 milljörðum bandaríkjadala. Það ár var Ísland aðeins undir meðaltali með 0,28% af VPT.

Hann sagði að stígar þyrfti varlega til jarðar í umræðu um skilgreiningar á opinberri þróunarsamvinnu (ODA) og að allar breytingar þurfi að vera gerðar af varkárni og skynsemi. Samstaða þurfi að vera um ákvarðanir um breytingar á skilgreiningum innan þróunarsamvinnunefndar OECD.

Hann benti á að iðnríkin beri ábyrgð og skyldur gagnvart lágtekjuríkjum. Framlög til þróunarsamvinnu hafi aldrei verið hærri á meðan óvissuþættir og hamfarir hafi áhrif á öll lönd heims, þ.a.l. á opinbera þróunarsamvinnu. Innrás Rússa í Úkraínu hafi þar haft hvað mest áhrif síðustu misserin og að risaverkefni væri framundan þegar enduruppbygging að stríði loknu taki við. Þá nefndi hann loftslagsbreytingar sem annað stórt verkefni sem allur heimurinn þyrfti að kljást við. Eftirspurn eftir stuðningi aukist stöðugt en potturinn stækki ekki jafn hratt. Hann sagði mikilvægt að finna leiðir til að draga úr áhrifum þessara hamfara og annarra.

Hann sagði mikilvægt að finna nýjar leiðir til að fá atvinnulífið í samstarf og til að styðja við opinbera þróunarsamvinnu. Reglurnar um slíkt samstarf hafi ekki verið nægilega skýrar og samstarf og framkvæmd flókin. Hann áréttaði að færa þurfi opinbera þróunarsamvinnu í auknum mæli í átt að heimsmarkmiðum SP. Hann fagnaði áherslum Íslands á jafnréttismálin og sagði gott ef Ísland héldi því áfram til að nýta takmörkuð framlög sem best.

## **6. Umræður (13:20)**

Flestir fulltrúa sammældust um að Ísland ætti ekki að taka 0,7% markmiðið úr nýrri þróunarsamvinnustefnu. Raunhæft væri að stefna að stöðugri hækkun næstu árin þangað til að markmiðinu væri náð. Þannig væri t.d. hægt að leggja til að framlög Íslands myndu hækka um 0,05% á ári hverju og þannig væri markmiðinu náð árið 2030. Mikilvægt sé fyrir Ísland að sýna ábyrgð og ná þessu markmiði sem ein ríkasta þjóð heims. Það að ná 0,7% markmiðinu gæfi Íslandi hærri og trúverðugari rödd á alþjóðavettvangi.

Rætt var um breytta heimsmynd og áhrif hennar á gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu. Ný þróunarsamvinnustefna þurfi að hafa ákveðinn sveigjanleika svo hægt sé að bregðast við þeim vandamálum sem kunni að koma upp. Upp sé komin sú staða í heiminum að þörfin á neyðar- og mannúðaraðstoð sé meiri en hún hefur verið. Erfitt væri að takmarka nýja þróunarsamvinnustefnu við einungis einn málaflokk. Upp kom sú hugmynd að Ísland ætti að skoða þann möguleika að leggja áherslu á ákveðin svæði frekar en ákveðin lönd m.t.t. breyttrar heimsmyndar. Neyðin sé að færast sífellt nær okkur og mikilvægt væri að hafa í huga að

heimsmarkmið SP eigi við um allan heim, loftslagsbreytingar í Afríku eigi alveg jafn mikið við á Íslandi t.d.

Hagsmunir Íslands felist m.a. í því að sinna heimsmarkmiðunum með því að leggja aukið fjármagn til þróunarsamvinnu. Ísland hafi t.a.m. ríka hagsmuni af því að hægja á framgangi loftslagsbreytinga. Það að styðja og styrkja við þau lönd sem illa séu stödd séu einnig raunverulegir hagsmunir Íslands sem og ein af skyldum okkar. Huga þurfi að tengingunni á milli friðar- og öryggismála og þróunarsamvinnu. Það sé hluti af þjóðaröryggismálum að styðja við að fólk sé öruggt heima hjá sér svo það þurfi ekki að flýja heimilin sín.

Auka þurfi fjármagn til kynningarstarfa en mikilvægt sé að almenningur sem og stjórnvöld styðji við þróunarsamvinnu ef hækka á framlög. Með kynningarstarfi væri hægt að fræða um mikilvægi þróunarsamvinnu og hvernig það að hækka framlög til þróunarsamvinnu sé beintengt hagsmunum Íslands. Mörg önnur lönd í kringum okkur setji hærri fjármuni til þróunarsamvinnu og gefi samt ekkert eftir á öðrum sviðum. Forgangsraða þurfi þróunarsamvinnu hærra en hefur verið gert hingað til.

Fulltrúar ræddu um mikilvægi samlegðaráhrifa og „Team Iceland“ hugmyndina sem rætt hefur verið um á fyrri fundum nefndarinnar. Hugmyndin er að auka slagkraft Íslands á alþjóðavettvangi með auknu samstarfi þeirra aðila sem koma að þróunarsamvinnu. Rætt var um mikilvægi þess að huga að sérstöðu Íslands. Ísland sem fyrrum nýlenda hefur ákveðna sérstöðu fram yfir önnur lönd.

Flestir fulltrúar voru sammála um að áhrifaríkast væri að leggja áherslu á jafnrétti kynjanna en það væri einn helsti styrkleiki Íslands. Ísland hafi skapað sér ákveðna sérstöðu í þeim málum og því ætti jafnrétti kynjanna að vera rauði þráðurinn í öllum þeim verkefnum sem Ísland styður við á sviði þróunarsamvinnu og neyðar- og mannúðaraðstoðar. Þá gæti jafnrétti kynjanna einnig verið góð áhersla fyrir „Team Iceland“.

Fulltrúar frjálstra félagasamtaka kölluðu eftir auknu samstarfi ráðuneytisins við félagasamtök, t.a.m. við innleiðingu verkefna. Félagasamtökin búi yfir viðamikilli reynslu þegar kemur að vinnu á vettvangi og hafi einnig getu til þess að skala upp verkefni á stuttum tíma. Bent var á að OECD hefði áður nefnt á að ákjósanlegt væri að herra hlutfall fjármagns myndi renna til félagasamtaka á Íslandi. Þá var einnig rætt um aukið samstarf aðila atvinnulífsins við félagasamtökin en það væri góð leið til þess að auka slagkraft.

## **7. Samantekt fundar (15:00)**

Fundarstjóri tók saman helstu umræðuefni fundarins og þau málefni sem almenn samstaða var um. Almenn samstaða var um að mikil tækifæri felist í nýrri þróunarsamvinnustefnu. Samhugur var um að gefa 0,7% markmiðið ekki upp á bátinn og að segja ætti ákveðnar vörður í átt að því markmiðinu. T.a.m. væri hægt að stefna að hækkun um 0,05% á ári fram til ársins 2030 en þá væri 0,7% markmiðinu náð.

Samstaða var einnig um mikilvægi samlegðaráhrifa í þróunarsamvinnu. „Team Iceland“ væri t.a.m. góður vettvangur fyrir ólíka aðila sem koma að þróunarsamvinnu til þess að auka slagkraftinn. Með því að leggja áherslu á styrkleika Íslands öðlist Ísland sterkari rödd á alþjóðavettvangi auk þess sem styrki orðstír landsins. Jafnréttismálin hafi lengi vel verið einn af helstu styrkleikum Íslands og gott að hafa þau til hliðsjónar við gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu.

Rætt var um eflingu mannauðs og mikilvægi þess að huga að þjálfun mannauðs, bæði á Íslandi sem og í samstarfslöndum Íslands.

Huga þurfi að kynningar- og fræðslumálum og finna leiðir til að þróunarsamvinna njóti stuðnings og skilnings frá almenningi sem og þingmönnum. Þetta sé nauðsynleg forsenda þess að raunhæft sé að hækka framlög til þróunarsamvinnu og ná 0,7% markmiðinu.

Bent var á að vegna breyttrar heimsmyndar þurfi jafnvel að horfa til þess að auka vægi neyðar- og mannúðarstoðar í þróunarsamvinnustefnunni.

**Fundi lokið kl. 15:30.**